

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara hjá Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíks

1. gr.

Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar með stoð í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Við framkvæmd reglna þessara skal jafnframt gætt ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja eldri borgurum í Árneshvíki öruggan, sanngjarnan og skipulagðan akstur til nauðsynlegrar þjónustu, með skýrum og fyrirsjáanlegum viðmiðum um fjölda ferða, tilgang þeirra og framkvæmd. Megináhersla reglna þessara er að akstur nýtist fyrst og fremst innan þjónustusvæðis Árneshvíks. Ef viðeigandi þjónusta, svo sem sjúkraþjálfun eða önnur sambærileg heilbrigðisþjónusta, er í boði innan þjónustusvæðisins, ber notendum að nýta þá nærþjónustu.

Akstur til Selfoss er því fyrst og fremst ætlaður þegar sambærileg þjónusta er ekki aðgengileg nær heimili notanda innan þjónustusvæðis Árneshvíks.

Með reglunum er jafnframt stefnt að því að stuðla að skilvirkri nýtingu fjármuna, styðja við uppbyggingu og nýtingu nærþjónustu og tryggja jafnræði og meðalhóf við veitingu akstursþjónustu.

3. gr.

Skilgreining á ferð

Ein ferð samkvæmt reglum þessum telst vera akstur frá heimili notanda að tilteknum áfangastað og aftur til heimilis, þ.e. frá *A til B* og *aftur til A*.

4. gr.

Réttur til aksturs

Einstaklingar sem hafa náð 67 ára aldri og eru búsettir eru innan starfssvæði skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíks eiga rétt á allt að 4 ferðum á mánuði samkvæmt þessum reglum, að uppfylltum skilyrðum hér að neðan.

5. gr.

Tilgangur ferða

Ferðir samkvæmt þessum reglum eru heimilar í eftirfarandi tilgangi:

- Akstur til og frá **dagdvöl aldraðra**,
- Akstur til og frá **sjúkraþjálfun**

- Akstur í læknisheimsókn innan sinnar heilsugæslu.

Aðrar ferðir, svo sem til verslana, heimsókna, tómstunda eða læknisferða til Reykjavíkur, falla ekki undir þessar reglur.

6. gr.

Svæði aksturs

Akstur samkvæmt þessum reglum nær frá heimili notanda, innan viðkomandi sveitarfélags, og til Selfoss. Ferðir utan þessa svæðis falla ekki undir reglurnar nema með sérstakri undanþágu.

7. gr.

Skipulag og bókaðar ferða

- Ferðir skulu bókaðar með fyrirvara
- Heimilt er að sameina ferðir einstaklinga eftir því sem kostur er, enda raski það ekki þjónustu eða öryggi.
- Ónotaðar ferðir flytjast ekki milli mánaða.

8. gr.

Skilyrði og staðfesting

- Réttur til aksturs getur verið bundinn við staðfesta þátttöku í dagdvöl í sjúkrahjálfun eða bráðnauðsynlegar læknisferðir innan heilsugæsluumdæmis.
- Velferðarþjónustan áskilur sér rétt til að óska eftir viðeigandi gögnum til staðfestingar.

9. gr.

Forgangsröðun

Ef eftirspurn eftir akstri er meiri en framboð skal forgangsraða ferðum eftir þörf, meðal annars með hliðsjón af:

- Heilsufari,
- Hreyfigetu,
- Reglubundinni þátttöku í dagdvöl eða meðferð.

10. gr.

Ábyrgð og öryggi

- Notendur bera ábyrgð á að vera tilbúnir á umsömdum tíma.
- Fylgja skal fyrirmælum bílstjóra um öryggi í akstri.
- Velferðarþjónustan ber ekki ábyrgð á seinkunum sem rekja má til óviðráðanlegra aðstæðna.

11. gr.

Endurskoðun reglna

Reglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega, eða eftir þörfum, til að tryggja að þær þjóni markmiðum sínum og þörfum notenda.

12. gr.

Synjun umsóknar og málskot

Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun um synjun umsóknar til fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að notanda varð kunnugt um ákvörðunina.

Ákvörðun fagnefndar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega innan þriggja mánaða frá því að notanda varð kunnugt um ákvörðun fagnefndar.

Reglur þessar öðlast gildi þegar fagnefnd og sveitarfélögin sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. hafa samþykkt reglurnar.